

Fundargerð 124. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 4. október 2017, kl. 09.00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú.

Mættir:

Georg Brynjarsson, formaður stjórnar,

Hafsteinn Hafsteinsson,

Steinunn Sigvaldadóttir,

Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Matthías Þór Óskarsson, KPMG, kom inn á fundinn undir lið nr. 3.

Sigurgestur Guðlaugsson, Kadeco, kom inn á fundinn undir lið nr. 4.

1. *Fundargerð síðasta fundar.*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Tilboð í Aðaltröð 4*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð sem bárust í Aðaltröð 4. Alls bárust sex tilboð og voru þau opnuð að viðstöddum fjórum tilboðsgjafanna á skrifstofu Kadeco, föstudaginn 29. september kl. 11.10. Stjórn samþykkti að taka hæsta tilboðinu sem barst í fasteignina en það tilboð var frá HUG-verktökum ehf. Stjórn fól framkvæmdastjóra að ganga frá kaupsamningi við tilboðsgjafa.

3. *Samruni dótturfélaga*

Inn á fundinn kom Matthías Þór Óskarsson frá KPMG og fór yfir mat KPMG á kostum þess að sameina dótturfélög Kadeco í eitt félag, HV2 ehf. Var það mat KPMG að hagkvæmara væri að sameina félögin fremur en að slíta þeim. Umræður. Lagt var til að halda áfram sameiningu dótturfélaga Kadeco í eitt dótturfélag en hefja undirbúning sameiningar þess dótturfélags við Kadeco. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

4. *Byggingarréttur*

Inn á fundinn undir þessum lið kom Sigurgestur Guðlaugsson, Kadeco. Rætt var um byggingarrétt á Ásbrú og þá aðferðafræði sem kæmi félaginu best til lengri tíma við úthlutun lóða. Stjórn þakkaði yfirferðina.

5. *Advania – beiðni um lóð.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn beiðni Advania um nýja lóð að Fitjum. Stjórn frestaði afgreiðslu málsins og fól framkvæmdastjóra að afla frekari upplýsinga.

6. Önnur mál.

Öðrum málum frestað til næsta fundar.

Ekkert fleira var rætt.

Næsti fundur verður haldinn í nóvember.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.10.

Leos Þorjónsson
Hakím S. Árnó
Steinunn Þorvaldadóttir